

Hlaupabingó 2

Samlagning

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Æstæður	Umhverfi		Árstíð	
	Á opnu svæði hvar sem er.		Hvaða árstíð sem er.	

Lýsing á verkefni

- Börnunum er skipt í hópa, 3-5 í hverjum hópi, og hver hópur fær eitt bingóspjald.
- Fjær hópunum er spjöldum með plúsheitum dreift á jörðina, með bakhliðina upp þannig að ekki sjáist hvað plúsheiti standa á þeim.
- Úr hverjum hópi hleypur eitt barn í senn að spjöldunum og sækir eitt spjald.
- Þegar barnið kemur til baka í hópinn sinn hjálpast börnin að við að finna summu plúsheitisins. Ef summan (talan) er á bingóspjaldinu má leggja spjaldið með plúsheitinu þar ofan á og þá getur næsta barn sótt næsta spjald.
- Ef spjaldið passar ekki þarf eitthvert barnanna að skila spjaldinu í bunkann á jörðinni og sækja annað spjald í staðinn.

Gögn

Bingóspjöld með tölustöfum, t.d. 1-10.

Spjöld með einföldum plúsheitum, t.d. $2 + 1$ eða $3 + 2$.

